Austurvegur 65 - 800 Selfoss
Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus**
**Sigmar B. Árnason**
**Ráðhúsinu Hafnarberg 1**
**815 Þorlákshöfn**

Selfossi, 26. nóvember 2018
*1811050HS SG*

**Efni: Þórustaðir II - Umsögn um deiliskipulagstillögu**

Þann 9. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Matfugl, Þórustöðum í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða umsókn um nýjan byggingareit þar sem fyrirhugað er að byggja tvö hæsnahús ásamt þjónustu- og eggjahúsi fyrir þau og tengigangi við alifuglahús þau sem fyrir eru. Eftir stækkun verði samanlögð stærð alifuglahúsa á jörðinni allt að 7.350 m2 með allt að 10.500 uppeldisstæði fyrir unghænur til að byrja með sem minnki niður í um 5.000 slík uppeldisstæði og allt að 25.000 varpstæði fyrir stofnhænur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi og hefur eftirlit vegna umhverfis- og mengunarvarna með slíkri starfsemi sem um ræðir.
Embættið hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri